

Ársskýrsla 2004

Listasafn Reykjanesbæjar



## Listasafn Reykjanesbæjar

Skrifstofa: Tjarnargötu 12. Sími: 421-6700

Sýningarsalur: Duushúsum. Sími: 421-3796

[listasafn@reykjanesbaer.is](mailto:listasafn@reykjanesbaer.is)

[reykjanesbaer.is/listasafn](http://reykjanesbaer.is/listasafn)

## Forsaga

Listasafn Reykjanesbæjar varð til við sameiningu sveitarfélaganna Njarðvíkur, Hafnahrepps og Keflavíkur árið 1994. Áður hafði verið til Listasafn Keflavíkur. Safnið á nú 355 verk eftir ýmsa listamenn og eru verk safnsins til sýnis við og í hinum ýmsu stofnunum bæjarins. Listasafnið hefur í gegnum árin staðið fyrir sýningum víðs vegar um bæinn og síðast var haldin sýning á listaverkaeign safnsins í desember 2004. Það var ekki fyrr en haustið 2002 sem safnið fékk góðan sýningarsal í Duushúsum til afnota og hefur það, ásamt sjálfstæðum fjárhag breytt miklu um starfsemi safnsins.



## *Efnisyfirlit*

<i>1. Hlutverk</i>	<i>bls. 3</i>
<i>2. Safneignin</i>	<i>bls. 4</i>
<i>3. Útgáfa</i>	<i>bls. 6</i>
<i>4. Sýningar</i>	<i>bls. 6</i>
<i>5. Önnur verkefni</i>	<i>bls. 8</i>
<i>6. Miðlun</i>	<i>bls. 10</i>
<i>7. Rannsóknir</i>	<i>bls. 11</i>
<i>8. Starfsfólk</i>	<i>bls. 12</i>
<i>9. Rekstur</i>	<i>bls. 13</i>
<i>10. Námskeið og ráðstefnur</i>	<i>bls. 14</i>
<i>11. Lokaorð</i>	<i>bls. 15</i>
<i>12. Fylgiskjöl</i>	<i>bls. 16</i>

## 1. *Hlutverk*

Hlutverk Listasafns Reykjanesbæjar er að varðveita listaverk Reykjanesbæjar, safna nýjum verkum samkvæmt söfnunarstefnu, skrá verkin og rannsaka sögu þeirra og myndlistar á svæðinu og miðla þeirri þekkingu til heimamanna og annarra eftir bestu getu. Hlutverki Listasafns Reykjanesbæjar er sennilega best lýst með stofnskrá þess og markmiðum. Eftirfarandi samþykktir eru frá haustinu 2002 og voru þá samþykktar til þriggja ára. Ætlunin er að endurskoða greinarnar í lok þessa árs eftir þessi fyrstu þrjú ár í reglulegum rekstri og er þá gott að hafa eftirfarandi spurninar í huga:

Hvaða hlutverki skal Listasafn Rnb. gegna? Hverju er ætlunin að safna? Hvernig ætlar safnið að varðveita og rannsaka gripina? Hvernig og hvað ætlar safnið að sýna verkin? Hvaða svæði á að safna af? Hvaða tímabili ætlar safnið að sinna? Hvaða sviði sviði listarinnar ætlar safnið að sérhæfa sig á? Hver verður sérstaða Listasafns Reykjanesbæjar? O.s.frv.

### Stofnskrá Listasafns Reykjanesbæjar

- 1.gr. Listasafn Reykjanesbæjar er í eigu Reykjanesbæjar. Menningar,-tómstunda- og íþróttaráð Reykjanesbæjar gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun í málefnum þess og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum forstöðumanns/menningarfulltrúa. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhagsáætlun ár hvert. Safnið starfar samkvæmt safnalögum.
- 2.gr. Forstöðumaður/menningarfulltrúi ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu safnsins, þar með talið fjármálum, starfsmannamálum og á framkvæmd stefnu menningar,- íþrótt- og tómstundaráðs. Hann skipuleggur sýningar safnsins og sér um aðra faglega starfsemi þess.
- 3.gr. Skráð stofneign safnsins eru 244 listaverk sem áður voru í eigu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna. Safnið skal skráð eftir viðurkenndu kerfi.
- 4.gr. Listasafn Reykjanesbæjar skal varðveita safnkost sinn með þeim hætti að bæjarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að honum. Heimilt er að lána verk í eigu safnsins til ábyrgra aðila gegn vísun tryggingum.
- 5.gr. Listasafn Reykjanesbæjar skal bjóða uppá safnfræðslu eftir því sem við verður komið með t.d.sýningarhaldi, fyrirlestrahaldi, útgáfu og leiðsögn um safnið.
- 6.gr. Listasafn Reykjanesbæjar skal rannsaka eftir föngum sögu myndlistar á Reykjanesi með tilliti til söfnunarstefnu safnsins. Einnig skal safnið aðstoða myndlistarmenn á svæðinu eftir því sem við á.
- 7.gr. Listasafn Reykjanesbæjar sér um innkaup á listaverkum fyrir hönd bæjarins. Við val listaverka skal hafa í huga listrænt gildi þeirra og skulu þau endurspeglar sem best nýja straua í íslenskri myndlist.

- 8.gr. Listasafni Reykjaneshæjar er heimilt að veita viðtöku gjöfum, hvort sem er í formi listaverka eða annara fjármuna. Forstöðumaður tekur ákvörðun um gjafir út frá söfnunarstefnu safnsins og stefnumótun menningar- og safnaráðs. Gjafir til safnsins eru frádráttarbærar til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1981 með áorðnum breytingum.
9. gr. Listasafni Reykjaneshæjar er heimilt að ganga til samstarfs við önnur söfn eða viðurkenndar stofnanir um málefni er varða safnið.

Samþykkt í menningar- og safnaráði 8. okt. 2002 og vísað til bæjarstjórnar

### **Sýningarstefna Listasafns Reykjaneshæjar**

**Sýningarstefna safnsins er enn í mótun en hér að neðan má sjá leiðarljósin.**

1. að vera með fjölbreytt sýningarhald í sýningarsal listasafnsins í Duushúsum þar sem gerðar eru strangar listrænar kröfur sem miða að því að sýna ávallt það besta og framsæknasta hverju sinni og stuðla þannig að því að safnið verði sterkt afl í íslensku myndlistarlífi.
2. að vera vettvangur nýrra strauma í myndlist og stuðla að gagnrýnni skoðun á myndlist með ákveðnu sýningarhaldi, fyrirlestrum og útgáfu.
3. að styðja sérstaklega við listamenn af Suðurnesjum með sýningarhaldi og kynningum víðs vegar um bæinn.
4. að vera með a.m.k. eina sýningu árlega sem sérstaklega er hugsuð til að opna augu ungs fólks fyrir töfrum myndlistarinnar.

### **Söfnunarstefna Listasafns Reykjaneshæjar**

**Söfnunarstefna safnsins er enn í mótun en hér að neðan má sjá leiðarsljósin.**

1. að efla listaverkaeign safnsins svo hún gefi góða mynd af, annars vegar listamönnum svæðisins frá öllum tímum og hins vegar samtímalist á landinu öllu.
2. að hvetja unga listamenn sérstaklega til dáða með kaupum á verkum þeirra.
3. að safna úrvali verka úr Listaskóla barna í Reykjaneshæ.

## **2. Safneignin**

Listaverkaeign safnsins samanstendur nú af 355 verkum, olía, grafík, vatnslitir, skúlpúrar o.fl. Á þessu ári var unnið að nákvæmri skráningu allra verkanna, teknar voru myndir og búið til sérstakt skráningarkerfi í gagnagrunninum Access. Við þessa vinnu kom í ljós að margt hafði verið vanskráð og er listaverkeign safnsins því meiri

en ráð hafði verið fyrir gert í upphafi árs, en þá voru skráð tæplega 300 verk í safnið. Þessi óskráðu verk eru þó ekki skráð hér undir safnaukann heldur einungis þau verk sem sannanlega fengust í safnið árið 2004. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að einni milljón króna yrði varið í listaverkakaup. Fyrir þessa fjárhæð voru keypt nokkur verk en einnig voru safninu gefin verk og listamenn sem sýndu í salnum í Duushúsum gáfu allir verk til safnsins. Verðgildi safneignarinnar hefur með þessu framlagi aukist um **5.804.000 kr.** á þessu ári.

## Safnauki 2004

Carlos Barao	Án titils	Blönduð tækni á striga	315.000	Gjöf
Kristján Jónsson	Svörun/skörun	Blönduð tækni á striga	250.000	Gjöf
Margrét Jónsdóttir	In memoriam	Eggtempera á pappír	500.000	Gjöf
Ása Ólafsdóttir	Morgunn	Vefnaður	2.500.000	Gjöf 1.500.000
Valgarður Gunnarsson	Litningar	Olía á striga	700.000	Gjöf
Valgarður Gunnarsson	Glaður hóll	Olía á striga	115.000	Keypt
Stefán Swales	Fótboltastrákur	Prentverk	100.000	Keypt
Stefán Swales	Ballerína	Prentverk	100.000	Gjöf
Íris Eggertsdóttir	Mannvera ....	Olía á striga	22.000	Keypt
Sigríður Rósinkarsdóttir	Vetrarspeglun	Vatnslitir	55.000	Keypt
Fríða Rögnvalds	Svefn	Olía og steypa á striga	50.000	Keypt
Arnar Fells	Börnum finnst ...	Ljósmynd	25.000	Keypt
Arnar Fells	Nintendó .....	Ljósmynd	25.000	Gjöf
Steinunn Marteinsdóttir	Sóley sóley	Olía á striga	56.000	Keypt
Hjördís Árnadóttir	Form og norm	Olía á striga	70.000	Gjöf
Gunnhildur Þórðardóttir	Íslenskur vetur I	Olía á striga	25.000	Gjöf
Brynhildur Þórðardóttir	Vor	Akryl á striga	25.000	Gjöf
Reynir Katrínar	Tónar	Vatnslitir	80.000	Keypt
Áki Gränz	Albert K. Sanders	Olía á striga	100.000?	Gjöf
Sossa	Obidos	Olía á striga	300.000	Keypt
Árni Johnsen	Valkostir	Skúlptúr, járn og steinn	400.000	Gjöf
		<b>Alls:</b>	<b>5.804.000</b>	




Morgunn, vefnaður eftir Ásu Ólafsdóttur

### 3. Útgáfa

Listasafnið gaf út fimm 36 síðna bæklinga í tengslum við sýningar í Duushúsum. Í hverjum bæklingi er gerð grein fyrir viðkomandi listamanni og verkum hans og er textinn bæði á íslensku og ensku og skrifaður af listfræðingum. Þeir listfræðingar sem rituðu texta þessa árs voru Margarida Salet, Aðalsteinn Ingólfsson og Sandra Ericson. Myndir eru allar í lit, teknar af Oddgeiri Karlssyni ljósmyndara og bæklingarnir hannaðir og prentaðir í Grágás.

Bæklingarnir fjölluðu um Portúgalann Carlos Barao sem kom með einkasýningu til landsins á okkar vegum, Kristján Jónsson, Margræti Jónsdóttur, Ásu Ólafsdóttur og Valgarð Gunnarsson. Hver bæklingur er gefinn út í 500 eintökum og fær viðkomandi listamaður 250 eintök fyrir sig en restin er seld á safninu. Safnið hefur notið styrkja frá fyrirtækjum í bænum til að standa straum af þessari útgáfu.

Einnig var prentuð var vegleg sýningarskrá í tengslum við Erró sýninguna sem kom frá Listasafni Reykjavíkur en í öðru formi en hinar fyrirtöldu. Textann um Erró skrifaði Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir deildarstjóri á Listasafni Reykjavíkur og ljósmyndirnar komu einnig þaðan. Gunnhildur Þórðardóttir vann textann í sýningarskrána sem prentuð var í tengslum við sýninguna á safneign Listasafns Rnb. í desember.



### 4. Sýningar

#### Sýningar í Listasal í Duushúum

Í sýningarsal Listasafnsins í Duushúsum voru haldnar 7 sýningar á þessu ári. Sýningarstefnan í salnum er ákveðin (sjá framar), þar sýna aðeins valdir listamenn, allir menntaðir í myndlist og valdir af Litráði safnsins. Litráð skipa: aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, Reynir Valbergsson fjármálastjóri Rnb. Og Valgerður Guðmundsdóttir forstöðumaður safnsins og menningarfulltrúi.

**Einkasýningar** árið 2004 voru 5: Carlos Barao, Kristján Jónsson, Margrét Jónsdóttir, Ása Ólafsdóttir og Valgarður Gunnarsson. Um er að ræða nokkurs konar boðsýningar. Listamenn hafa ýmist samband við safnið og sækja um og síðan er valið úr þeim hópi eða listráðið (skipað þremur einstaklingum, sjá annars staðar) leitar að fyrra bragði til listamanna. Sýnendum býðst eftirfarandi: Flutningur á verkum til og frá sýningarsal, litprentaður 36 bls. bæklingur um verkin og listamanninn á ensku og íslensku, boðskort eru prentuð og send út í nafni safnsins, léttar veitingar og lifandi tónlist við opnun og að síðustu leyfist listamanninum að nota tækifærið og selja verkin á sýningunni án íhlutunar, þ.e. safnið sér ekki um söluna en tekur ekki heldur prósentur. Í útgáfuna hafa verið notaðir styrkir frá velunnurum. Í staðinn skilur listamaðurinn eftir verk sem bætist þá við listaverkaeign safnsins.

**Errósýning** frá Listasafni Reykjavíkur var sumarsýning safnsins. Hún var tekin saman að okkar beiðni og bar heitið; Erró – fólk og frásagnir. Vakti hún sérstaka athygli skólanna og voru kennarar duglegir að koma með nemendur síðustu vikuna í ágúst.

Síðasta sýning ársins var sýningin Íslensk náttúra og samanstóð hún af olíuverkum úr **safnkostinum**. Eftirfarandi listamenn áttu verk á þeirri sýningu: Ásgrímur Jónsson, Guðmundur Karl Ásbjörnsson, Magnús Á. Árnason, Jóhannes S. Kjarval, Jón Stefánsson, Pétur Friðrik, Ólafur Túbals, Þórarinn B. Þorláksson, Eggert Guðmundsson, Jóhannes Geir Jónsson og Jakob V. Hafstein.



Við opnun á Erró sýningunni



Við opnun á sýningu Margrétar Jónsd.

## Aðrar sýningar

Listasafnið aðstoðaði nokkra listamenn við sýningarhald á öðrum stöðum í Reykjanesbæ en í sýningarsalnum í Duushúsum og voru það aðallega myndlistarmenn af svæðinu en einnig utanaðkomandi aðilar sem vildu þá sýna hér í bæ. Þessi aðstoð var mismunandi en gat birst í útvegum húsnæðis, uppsetningu á sýningu, hönnun og/eða prentun á boðskortum eða sýningarskrám, kynningu í fjölmiðlum, o.fl. Þeir sem nutu aðstoðar þetta árið voru: Árni Johnsen, Jóhann G. Jóhannsson, Íris Eggertsdóttir, Stefan Swales, Gunnhildur Þórðardóttir, Brynhildur Þórðardóttir, Fríða Rögnvalds, Jónas Hörðdal, Steinunn Björk Sigurðardóttir, Hjördís Árnadóttir, Inga Rósa Loftsdóttir, Kolbrún Sigurðardóttir, Arnar Fells, Rúnar Jóhannesson, Guðmundur Rúnar. Sýningarstaðir voru: Gryfjan og Bíosalurinn í Duushúsum,

Svarta pakkhúsið, Fischershúsið, Vetrarsalur golffélagsins, frystiklefi að Hafnargötu 2, Sundhöll Keflavíkur, 88 Húsið o.fl.

Listasafnið aðstoðaði við upphaf sýningarhalds í Kaffitári og er mikið gleðiefni að fá þann sýningarvettvang í bæinn.

Tveir listhópar nutu einnig aðstoðar safnsins þetta ár, listhópurinn Fjallkonan sem sýndi á efri hæð Svarta pakkhússins og listhópurinn ARG sem sýndi í gömlu Sundhöllinni. Einnig kom sýning frá Handverk og hönnun til Reykjanesbæjar fyrir tilstuðlan Listasafnsins.



### **Kvöldvaka tengd sýningu Árna Johnsen Gryfjan eftir endurbyggingu**

Sýning Árna Johnsen í Gryfjunni var fjölsóttasta sýning ársins í Reykjanesbæ og þó víðar væri leitað, þangað komu 3.067 gestir þann rúma mánuð sem sýningin stóð yfir. Í hans tilfelli lánuðum við húsnæði (Gryfjuna í Duushúsum fyrir endurbyggingu), starfsmann við yfirsetu og prentuðum boðskort en að öðru leyti sá listamaðurinn eða velunnarar hans um kostnaðinn. M.a. var prentuð sýningarskrá á þeirra vegum í Svansprenti.

## **5. Önnur verkefni**

### **Listaskóli barna**

Listasafnið kemur að rekstri Listaskóla barna sem rekinn er á sumrin í Reykjanesbæ til mótvægis við Íþróttaskóla barna sem rekinn er af Íþróttahreyfingunni. Þáttur safnsins felst einkum í að móta hugmyndafræði skólans, faglegri umsjón og ráðningu leiðbeinenda. Haldin voru tvö þriggja vikna námskeið og var fjöldi nemenda 44. Tveir leiðbeinendur sáu um kennsluna þetta árið, annar útskrifaður myndmenntakennari Thelma Björk Jóhannesdóttir og hinn nemandi á öðru ári í leiklist í Listaháskóla Íslands Víðir Guðmundsson.

Í listaskólanum er hinum ýmsu listgreinum fléttað saman og lauk báðum námskeiðunum með listhátíð þar sem haldnar voru myndlistarsýningar og leikverk sett upp. Kennt var á tveimur stöðum í bænum, Svarta pakkhúsinu og Frumleikhúsinu. Í Svarta pakkhúsinu var lögð áhersla á myndræna tjáningu á fjölbreytilegan hátt en í Frumleikhúsinu var leikræna tjáningin hins vegar í fyrirrúmi.

Einnig var farið víða um bæinn og leitað fanga til listrænnar sköpunar. Söfnin voru heimsótt, stytur bæjarins skoðaðar og farið var á nokkra staði sem eru merkilegir út frá sögu- eða menningarlegu sjónarhorni, þar var bæði stuðst við sanna atburði og einnig þjóðsögur svæðisins.



## Sumargallerí

Listasafnið hefur þrjú síðustu sumur rekið sumargallerí í Svarta pakkhúsinu í samstarfi við Félag myndlistarmanna í Reykjanesbæ. Þar geta listamenn og handverksfólk í Reykjanesbæ og nágrenni komið með verk sín og gestir geta keypt eða skoðað. Þetta var hugsað sem liður í menningartengdri ferðaþjónustu og hefur sú breyting nú orðið á að listhópurinn Stapakot hefur bæst í samstarfið og ákveðið var að hafa galleríið opið allan ársins hring. Félagsmenn velja verkin og setja þau upp en starfsmaður á vegum Listasafnsins sér um að halda staðnum opnum yfir sumartímann og aðstoðar við val og uppsetningu. Galleríið hefur verið opið alla daga frá 1. maí frá 13.00-17.00, þ.e. ekki aðeins yfir sumarið eins og áður, heldur líka yfir veturinn.

## Tónleikar og aðrar uppkomur

Fjöldi tónleika hefur verið haldinn í Listasalnum í Duushúsum á þessu ári. Salurinn er orðinn eftirsóttur tónleikasalur, hljómburður er góður og fólk hefur ánægju af að sitja og hlusta á tónlistina innan um myndlistina. Tónleikarnir hafa verið haldnir í samvinnu við marga aðila, s.s. Félag íslenskra tónlistarmanna, Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Tónlistarfélag Reykjanesbæjar, Rytma- og bluesfélag Reykjanesbæjar og kórana í bænum en einnig hafa einstakir tónlistarmenn verið með tónleika í eigin nafni. Fyrir utan tónlistarflutning við hinar ýmsu uppkomur voru haldnir 34 tónleikar á árinu, þar af 11 á vegum Tónlistarskólans, og voru tónleikagestir alls 5514.



### Hádegistónleikar í mars

Listasalur er orðinn aðal móttökusalurinn fyrir Reykjanesbæ og einnig er hann leigður út fyrir ráðstefnur og fundi þegar færi gefst. 2056 gestir komu í móttökur eða á fundi í Listasal árið 2004.



### Fjölbrautaskólakórinn í apríl

## Suðsuðvestur – tilraunastarfsemi

Listasafnið hóf samstarf við tilraunahópinn Suðsuðvestur í lok ársins 2004. Hópurinn mun opna sýningarsal í byrjun árs 2005 í húsnæði á vegum Listasafnsins með aðstoð safnsins. Sýningarrýminu er ætlað að verða opinn vettvangur fyrir myndlistarfólk sem vinnur að listsköpun á rannsakandi hátt og verður Magnús Pálsson, fyrrv. kennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands sá fyrsti sem sýnir. Forsprakkar hópsins eru Thelma Björk Jóhannesdóttir myndmenntakennari og Inga Þórey Jóhannsdóttir myndlistamaður. Er þetta verulega spennandi nýjung í listalífi Reykjanesbæjar og mun eflaust verða samtímalist á Íslandi til framdráttar. Þarna skapast vettvangur fyrir unga listamenn af öllu landinu sem ekki hafa átt aðgang að miklu sýningarrými til þessa.

## 6. Miðlun

**Útgáfa bæklinga** – sjá lið 3 hér að framan.

### Vefsíða

Nýr vefur Listasafnsins hefur nú litið dagsins ljós. Hann er unninn í vefumsjónarkerfinu Vefþóri og hannaður í samræmi við vef Reykjanesbæjar. Grunnur vefsins var unninn haustið 2004 og hafði Gunnhildur Þórðardóttir veg og vanda að því en naut góðrar aðstoðar starfsfólks Bókasafns Reykjanesbæjar. Vefurinn var opnaður formlega 1. desember 2004. Meginefni vefsins eru upplýsingar um safneign listasafnsins og sýningar á vegum þess. Ritstjóri vefsins er menningarfulltrúi. Slóðin er reykjanesbaer.is/listasafn. Var þetta verkefni unnið m.a. fyrir styrk sem fékkst frá Safnasjóði. Á síðunni má finna hefðbundnar upplýsingar um safnið og einnig allar sýningar á vegum safnsins. Ritstjóri er Valgerður Guðmundsdóttir menningarfulltrúi en fyrrnefnd Gunnhildur er umsjónarmaður síðunnar.

## Skólaverkefni

Komum skólahópa í safnið hefur fjölgað mjög þetta árið og augsýnilegt að myndlistarkennarar hafa tekið þessari nýjung í myndmenntakennslu hér í bæ opnum örmum. Send voru kynningarbréf í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og alla fjóra grunnskóla Reykjanesbæjar þar sem boð í safnið var áréttað og jafnframt farið fram á samvinnu í gerð verkefna sem tengdust hverri sýningu. Var þessu vel tekið, verkefni útbúin og rúmlega 2000 nemendur komu í safnið á þessu ári, þar af 650 á Erró sýninguna. Verður þessari vinnu áframhaldið í góðri samvinnu við myndmenntakennara í bænum.



Nemendur úr Fjölbraut á sýningu Ásu Ólafs. Úlpurnar skildar eftir frammi!

## Fræðslufundur

Fræðslufundur um safneignina var haldinn fyrir almenning í október. Þar fór Gunnhildur Þórðardóttir yfir verkefni sitt um hið nýja skráningarkerfi og kynnti um leið heimasíðuna. Þetta var vel sóttur fundur og kom það íbúum á óvart hve verkeignin var fjölbreytileg. Margir af eldri velunnurum safnsins voru mættir og meira en tilbúnir að aðstoða við upplýsingaöflun. Ákveðið var að möppur með upplýsingum um safneignina lægju frammi á safninu fyrir gesti að skoða ásamt blöðum til að skrá inn nýjar upplýsingar.

## 7. *Rannsóknir*

### Nýtt skráningarkerfi

Samkvæmt verkefnaskrá ársins 2004 var áhersla lögð á að skrá verkeign safnsins á nýjan og betri hátt og til þess fékkst styrkur frá Safnasjóði Íslands. Til var skráning á exelskjali og ljósmyndir af mörgum verkanna en nauðsylegt var að gera betur m.a. til að uppfylla skilyrði Safnasjóðs. Ráðinn var starfsmaður, Gunnhildur Þórðardóttir MA nemandi í liststjórnun við háskóla í Cambridge, til skráningarverkefnisins 1. júní og var hún við störf til 15. október.

Hún bjó til skráningarkerfi í Access forritinu, tók digital myndir af öllum verkunum og setti þar inn. Einnig tók hún viðtal við alla þá listamenn héðan af svæðinu sem

náðist í og heimilda um aðra var leitað víða, m.a. á Listasafni Íslands og Bókasafni Reykjanesbæjar. Við þessa vinnu kom í ljós að margt hafði verið vanskráð og er listaverkeign safnsins var því meiri en ráð hafði verið fyrir gert í upphafi árs, Verkefninu er nú lokið svo langt sem það nær og er öll safneignin skráð á fullgildan hátt. Auðvitað þarf að bæta inn nýjum verkum og við notkun á örugglega eftir að leiðréttu eitthvað.

## Söfnun heimilda

Síðustu þrjú árin hefur staðið yfir söfnun á efni sem tengist myndlist á Suðurnesjum, m.a. öllu því sem birst hefur í blöðum og tímaritum á Suðurnesjum. Þarna fáum við gott yfirlit m.a. yfir allar myndlistarsýningar sem haldnar hafa verið í bænum frá miðri síðustu öld og út frá því verður auðveldara að rita sögu myndlistar í bænum. Í viðtölunum vegna skráningarverkefnisins bættist mikil vitneskja í þennan banka og bíður nánari vinnsla á þessu verkefni nýs starfsmanns.

## 8. Starfsfólk

Menningarfulltrúi, Valgerður Guðmundsdóttir, skipar stöðu forstöðumanns í 50 % stöðuhlutfalli á móti menningarfulltrúastöðunni. 1. mars s.l. var ráðinn starfsmaður, Jóhannes Kjartansson í 100 % stöðu við listasafnið og er hann staðsettur í Duushúsum. Hann er eini fastráðni starfsmaðurinn við safnið auk forstöðumanns.

Verkefnaráðið starfsfólk: 1. júní var síðan ráðinn starfsmaður, Gunnhildur Þórðardóttir, í 100 % stöðu við listasafnið. Þessi staða var aðeins tímabundin og var greidd af atvinnuáttakslykli, gilti til 15. október. Annar starfsmaður, Rut Ingólfssdóttir, kom einnig í gegnum atvinnuáttakslykilinn og var við störf í Svarta pakkhúsinu frá 1. ágúst – 15. sept. í 50 % stöðu. Tveir starfsmenn voru ráðnir við Listaskóla barna, Thelma Björk Jóhannsdóttir og Víðir Guðmundsson og voru þau í 100 % stöðum frá 1. júní til 1. ágúst. Þeirra laun voru tekin af lykli vinnuskólans. Að auki sinnti starfsmaður Byggðasafnsins, Björn Ragnarsson afleysingum í Duushúsum aðra hvora helgi og oftast þegar á þurfti að halda. Grímur Karl Einarsson var ráðinn til aðstoðar í Duushúsum frá 1. júní til 15. ágúst í gegnum vinnuskólann.



**Leikfélag Keflavíkur á bókmenntakvöldi í Listasal.**



**Svarta pakkhúsið**

## 9. Rekstur

Í fjárhagsáætlun 2004 var gert ráð fyrir að Reykjanesbær legði í rekstur Listasafns Reykjanesbæjar kr. **2.350.000**. Að auki var gert ráð fyrir að safnið aflaði sjálft tekna að andvirði þriggja milljóna þannig að heildarveltan skyldi verða 5.350.000. Þessu til viðbótar kom svo kr. 1.000.000 frá Manngildissjóði til listaverkakaupa (á sérstökum lykli) og laun forstöðumanns voru tekin af lykli menningarfulltrúa.

Reksturinn var þungur og kom í ljós að miðað við langan opnunartíma (alla daga frá 13.00-17.30) og mjög marga viðburði á kvöldin) dugði launalykillinn ekki og var bætt við hann rúmri milljón við endurskoðun fjárhagsáætlunar í lok ársins. Rekstrarstyrkur úr Safnasjóði nam kr. 1.500.000 og verkefnastykur úr sama sjóði kr. 200.000. Velunnarar safnsins úr hópi fyrirtækja styrktu safnið um eftirfarandi: Samkaup kr. 500.000, Sparisjóður Keflavíkur kr. 300.000, Hitaveitan kr. 300.000, Íslandsbanki kr. 300.000 og varð upphæð styrkja til safnsins því kr. 3.100.000. Að auki kom inn aðgangseyrir og húsaleiga að andvirði 700.000. Listasafnið aflaði því eigin tekna upp á tæpar **4 milljónir** króna árið 2004.

### Gestafjöldi í Duushús 2004

Mán	Alm. gestir	Myndlist opnanir	Saga opnanir	Skólar	Fundir	Móttökur	Tónlistar skólinn	Tónleikar	Samtals 2004	Samtals 2003	Fjölgun
Jan.											
Feb.	480	2260		51	98	40	115	310	<b>3354</b>	34	3320
Mars	603	1263		36	32	42	68	307	<b>2423</b>	152	2271
Apríl	522			108	14	280	123	368	<b>1470</b>	1089	381
Maí	784	200		213	58	219	400	333	<b>2207</b>	1662	545
Júní	2303	180	652	439		100		113	<b>3135</b>	1054	2081
Júlí	607			147		23		6	<b>783</b>	595	188
Ágú.	271			656		32		154	<b>1113</b>	599	514
Sept.	8007	770		95	98	174	80	1600	<b>10824</b>	7828	2996
Okt.	486	320		30	78	492	200	136	<b>1742</b>	833	909
Nóv.	83			112		140	284	246	<b>865</b>	1033	-168
Des.	170			184		136	509	162	<b>1195</b>	381	814
	<b>14316</b>	<b>4993</b>	<b>652</b>	<b>2071</b>	<b>378</b>	<b>1678</b>	<b>1779</b>	<b>3735</b>	<b>29111</b>	<b>15260</b>	<b>13851</b>

**Gestafjöldi 2004 = 29111**

**Gestafjöldi 2003 = 15260**

Aukning frá fyrra ári =13851

Meðaltal gesta á mán. = 2646

## 10. Námskeið og ráðstefnur

**16. og 17. janúar** Ráðstefnan Menningararfur, menningarfræði og menningarstefna í Norræna húsinu á vegum Reykjavíkúakademíunnar o.fl. Aðal fyrirlesarar eru Barbro Klein og Tony Bennett.

**23. janúar** Ferðaþjónusta á Reykjanesi. Atvinnuráðgjafi SSS, Miðstöð símenntunar og Svæðisvinnumiðlun með kynningarfund í Saltfisksetrinu í Grindavík um þjónustu þeirra við ferðaþjónustuaðila.

**31. mars** Hagræn áhrif menningar, fyrirlestur í Háksóla Íslands. Ágúst Einarsson fyrirlesari.

**9. september** Ráðstefnan Skapandi greinar á Hóel Loftleiðum á vegum Impru.

**25. október** Námskeið í viðburðastjórnun á vegum endurmenntunar Háskóla Íslands.

**10. – 12. október** Farskóli FÍSOS. Fyrirlestrar og kynningar í Þjóðminjasafni Íslands.

**23. –24. október** Stjórnunarnámskeið í Eldborg á vegum Miðstöðvar símenntunar. Fyrirlesari Eyþór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun.

**7. desember** Kynning á Lotus notes á Tjarnargötu 12.

**9. desember** Kynning á Gopro á Tjarnargötu 12.

**16. desember** Exelnámskeið í Holtaskóla.

### Erlend listasöfn sem forstöðumaður skoðaði á árinu:

Janúar	Taiwan	Museum of Modern Art Chang Kai Check Memorial
Febrúar	Kaupmannahöfn	Charlottenborg Statens Museum for Kunst Kulturhuset Islands Brygge
Apríl	Mexico city	Frida Kahlo Museum Palacio de Bellas Artes National Palace
Júní	London	Tate Museum
Nóvember	New York	Metropolitan Museum of Art Museum of Art and Design

Auk þess sótti forstöðumaður fjölmargar sýningar og kynningar á Listasafni Íslands og Listasafni Reykjavíkur/Hafnarhúsi og Kjarvalsstöðum. Einnig voru sóttar sýningar á eftirfarandi stöðum: Gerðubergi, Gerðarsafni, Hafnarborg, Listasafni Akureyrar og Norræna húsinu ásamt ýmsum minni galleríum og sýningarrýmum víðs vegar um landið.

## **11. Lokaorð**

Nú er öðru alvöru rekstrarári Listasafns Reykjanesbæjar lokið. Markmið fyrstu tveggja áraanna var einkum það að skapa safninu fjárhagslegan grundvöll til að starfa á og nafn, bæði innan bæjar og utan. Verður að segjast að það hafi tekist þökkalega. Allar sýningar safnsins í sýningarsalnum í Duushúsum fengu umfjöllun á Listasíðu Morgunblaðsins og fékk safnið sjálft góða einkunn þar. Markaðssetningin hefur verið markviss og úthugsuð með tilliti til takmarkaðs fjármagns og hvert tækifæri gripið sem gæti orðið til ókeypis fréttaflutnings. Ótal fréttatilkynningar hafa verið sendar út og markvisst verið reynt að laða að húsinu margvíslega starfsemi sem gæti beint athygli að því að verið er að byggja um menningarmiðstöð í Reykjaensbæ.

Umsóknir um sýningarhald eru orðnar miklu fleiri en hægt er að verða við og gestafjöldi hefur tvöfaldast á milli ára, tæplega 30 þúsund manns komu í húsið á árinu 2004. Einnig er gleðilegt til þess að vita að heimsóknir nemenda teljast nú orðið sjálfsagður hlutur í myndmenntakennslu í Reykjaensbæ. Fjöldi tónleika var haldinn í listasalnum í Duushúsum og einnig móttökur og fundir. Safnið hefur á þessum tveimur fyrstu starfsárum sínum því sannað tilverurétt sinn og gerir forstöðumaður ráð fyrir að það muni sjást enn frekar í fjárhagáætlun næsta árs. Í þessu tilfelli má segja að margt sé hægt að gera fyrir litla peninga með mikilli útsjónarsemi. Forstöðumaður lítur með bjartsýni og tilhlökkun til næsta árs.



*5. febrúar 2005*

*Valgerður Guðmundsdóttir  
Forstöðumaður  
Listasafns Reykjanesbæjar*

## 12. Fylgiskjöl

- A. Skýrsla til Safnasjóðs um nýtingu styrkja.
- B. Verkefnaáætlun Listasafnsins fyrir árið 2005

### A. Nýting styrkja úr Safnasjóði

Úr Safnasjóði fékk Listasafn Reykjanebæjar úthlutað í rekstrarstyrk kr. 1.500.000 og í verkefnastykk kr. 200.000 fyrir árið 2004. Í umsókninni til Safnasjóðs var sótt um styrk til eftirtalinna þriggja verkefna á árinu 2004:

#### Verkefnastykkur:

1. Áætlað er að setja upp 6 - 8 sýningar árið 2004. Í sambandi við sýningarnar eru gefnar út veglegar sýningarskrár með svipuðu formi og gert var 2003. Þetta er hluti af markaðssetningu safnsins sem ákjósanlegs sýningarrýmis og einnig nýtast bæklingarnir vel í fræðslustarfsemi safnsins. Áætlaður kostnaður við hverja skrá er kr. 300.000.
2. Vilji er til að skrá safnið eftir betra kerfi og áætlum við að það muni kosta kr. 500.000
3. Búið er að safna miklum upplýsingum um myndlistarstarfsemi á Suðurnesjum síðustu áratuga og ætlunin er að vinna úr þeim gögnum. Kostnaður áætlaður kr. 600.000.

#### Staða verkefnanna er þessi:

1. Settar voru upp 7 sýningar í sýningarsalnum í Duushúsum á árinu 2004. Portúgalinn Carlos Barao var fyrstur, Kristján Jónsson annar, Margrét Jónsdóttir sú þriðja, Erró sýning frá Listasafni Reykjavíkur var sú fjórða, Ása Ólafsdóttir sú fimmta, Valgarður Gunnarsson sá sjötti og nú stendur yfir sýning á landslagsverkum úr safneigninni. Gefnar voru út veglegar sýningarskrár í tengslum við sýningar Carlosar, Kristjáns, Margrétar, Ásu og Valgarðs þar sem fjallað er um listamennina og verk þeirra á íslensku og ensku ásamt fjölda litmynda. Einnig voru sýningarskár gefnar út í tengslum við hinar sýningarnar tvær en þó ekki í sama formi. Kostnaður við þessa útgáfu var kr. 1.750.000.
2. Ráðinn var starfsmaður ( íslenskur MA nemandi í liststjórnun við háskóla í Cambridge) til skráningarverkefnisins 1. júní og var hann við störf til 15. október. Verkefninu er lokið og er nú öll safneignin skráð á fullgildan hátt. Ákveðið var að ganga lengra þar sem búið var að ráða starfsmann og kaupa tölvu og var því einnig unnin vefsíða fyrir safnið. Kostnaður vegna þessa verkefnis var kr. 1.182.000. **Í meðfylgjandi fylgiskjali er skýrsla skrásetjarans.**
3. Ekki tókst að vinna þetta verkefni og er það sett á verkefnaskrá ársins 2005.

#### Rekstrarstyrkur:

Fullur rekstrarstyrkur frá Safnasjóði varð til þess að hægt var að ráða starfsmann í 100 % starf hjá Listasafninu auk forstöðumannsins sem er í 50 % starfi. Það gefur auga leið að þetta breytir miklu í starfsemi safnsins. Þar að auki voru tveir starfsmenn verkefnaráðnir, annar sá um Listaskóla barna í sumar og hinn sá um skráningu safnkosts og gerð vefsíðu (sjá verkefni 2). Sýningarsalur safnsins var opinn alla daga ársins frá 7. feb. frá kl. 13.00 til 17.30 og gestafjöldi í húsið er kominn upp í 28.809. Að öðru leyti vísa ég í áður sendar upplýsingar.

**16. des. 2004**

*Valgerður Guðmundsdóttir*  
*Forstöðumaður Listasafns Reykjanesbæjar*

## **B. Verkefnaáætlun Listasafns Reykjanesbæjar fyrir árið 2005**

### 1. Sýningarhald:

- a) Settar verða upp 7 sýningar í sýningarsal Listasafnsins í Duushúsum samkvæmt lið 1 og 2 í sýningarstefnu safnsins. Í sambandi við sýningarnar verða gefnar út veglegar sýningarskrár með svipuðu formi og gert var árin 2003 og 2004.
- b) Ein af þessum sýningum verður sérstaklega unnin í kringum Erling Jónsson sem bar fyrstur nafnbótina Listamaður Keflavíkur. Hann verður 75 ára 30 mars n.k. og er ætlunin að gera honum vegleg skil.
- c) Fyrsta sýning ársins verður á verkum Kristínar Gunnlaugsdóttur og er sú sýning unnin í samvinnu við Keflavíkurkirkju sem verður 90 ára 2005.
- d) Vonir standa til að hægt verði að opna sýninguna 365 fiskar eftir þýska listamanninn Martin Smida í samvinnu við félagið Germaníu í kringum sjómannadaginn. Þessi sýning er háð því að aukið fjármagn fái.
- e) Sýning á verkeign safnsins verður hér eftir árlegur viðburður. Ætlunin er að í desember ár hvert verði haldin sýning á verkum í eigu safnsins þar sem ný verk verði í forgrunni. Jafnframt verður einhver listamaður úr bænum kynntur sérstaklega.
- f) Áætlað er að styðja við listamenn af Suðurnesjum með sýningarhaldi og kynningum víðs vegar, bæði innan bæjar og utan, m.a. árleg sumarsýning Félags myndlistarmanna í Reykjanesbæ sem haldin er í Svarta pakkhúsinu.

- g) Fá til bæjarins og aðstoða listamenn utan svæðis sem sýna vilja í Reykjanesbæ, m.a. koma margir í kringum Ljósanótt (menningar- og fjölskyldudagar í Reykjanesbæ sem alltaf er haldin fyrstu helgina í september).
- h) Aðstoða við sýningarhald í Listaskóla barna.
- i) Aðstoða við sýningarhald í nýjum sýningarsal Kaffitárs sem opnaður var í september 2004. Mikil bót að fá þá aðstöðu hér í bæ.

## 2. Markaðssetning:

- a) Markaðssetning á sýningarsal Listasafnsins í Duushúsum sem ákjósanlegum sýningarstað fyrir starfandi listamenn alls staðar að af landinu. Þetta er m.a. gert með því að salurinn er ekki leigður út heldur skilja listamenn eftir verk sem verða síðan eign safnsins. Einnig er útgáfa bæklinga um viðkomandi listamenn og verk þeirra liður í þessari markaðssetningu.
- b) Markaðssetning og kynning á safninu sem ákjósanlegum stað fyrir listunnendur að sækja heim. Hér er annars vegar unnið með heimasvæðið, en það er algjörlega nýtt fyrir Suðurnesjamenn að geta gengið að föstum sýningum á listasafni hér á svæðinu, og hins vegar er ætlunin að höfuðborgarbúar sjái ástæðu til að heimsækja Suðurnesin vegna listsýninga.

## 3. Skráning:

- a) Safneignin er nú öll skráð í gagnagrunninn Access og verður áfram haldið með þau nýju verk sem safninu berast.

## 4. Rannsóknir:

- a) Árið 2002 var miklum gögnum safnað saman um myndlistarstarfsemi á Suðurnesjum síðustu ártugi til dagsins í dag. Ætlunin er að halda áfram að vinna úr þessu aðgengilegar upplýsingar þannig að saga myndlistar á svæðinu verði þokkalega ljós.
- b) Áfram verður unnið að öflun upplýsinga um listamenn svæðisins og þeim komið í gagnagrunninn þar sem við á.
- c) Sérstaklega verður unnið að öflun gagna, mynda og frásagna, um listamanninn Erling Jónsson í tilefni 75 ára afmælis hans.

## 5. Aðstoð við grasrótina:

- a) Listasafn Reykjanesbæjar mun halda áfram að styðja við rekstur á sumargalleríi Félags myndlistarmanna í Reykjanesbæ á sama hátt og áður, þ.e. með ráðningu starfsfólks og ráðgjöf.
- b) Listasafnið aðstoðar Félag myndlistarmanna í sambandi við námskeiðahald félagsins.
- c) Listasafn Reykjanesbæjar tekur þátt í rekstri og skipulagninu á Listaskóla barna eins og verið hefur.

## 6. Útgáfa/miðlun:

- a) Listasafnið mun gefa út sýningarskrár um allar sýningarnar og þar af 5 bæklinga tengda sýningum í sýningarsalnum í Duushúsum. Þetta eru vandaðir bæklingar með umfjöllun um viðkomandi listamann og litmyndum af hluta verkanna á sýningunni.

- b) Láta fullvinna og ganga frá myndbandi um Keflvíska listamanninn Erling Jónsson.
- c) Gefa út bók um Erling Jónsson og verk hans í tilefni 75 ára afmælisins ef fjármagn fæst.
- d) Opnuð verður heimasíða í nafni safnsins þar sem allar upplýsingar um sýningar, verkeign og annað verði gert aðgengilegt.

7. Móttaka gesta:

- a) Vinna áfram með kennurum í grunnskólum bæjarins og Fjölbrautaskóla Suðurnesja að því að gera heimsóknir í Listasafnið að eðlilegum hluta af skólastarfi vetrarins. Vinna áfram með þeim að gerð sérstakra verkefna tengdum hverri sýningu sem miðuð eru við mismundandi aldur og markmið.
- b) Vinna sérstaklega að fjölgun ferðamanna í Listasafnið, m.a. með samvinnu við hótelin í bænum og S.B.K.
- c) Hafa ávallt tiltækar góðar upplýsingar um hverja sýningu á ísl. og ensku.